


VIÐAUKAR VIÐ ÞJÓNUSTUSAMNING BSVEST OG ÍSAFJARÐARBÆJAR



Viðauki eitt

Þjónustusvæði – verkefni

Ísafjarðarbær

Ráðgjafa og stjórnunarhlutfall

Stöðugildi: 2,02, þrír starfsmenn.

Stuðningsfjölskyldur:

tíu samningar, 26 sólarhringar í mánuði.

Sólarhringsþjónusta Fjarðarstræti 55, Ísafirði:

Stöðugildi: 5,89, ellefu starfsmenn.

Íbúðirnar eru tvær í einkaeigu. Íbúar eru tveir.

Sólarhringsþjónusta Sindragötu, Ísafirði:

Stöðugildi: 9,63, átján starfsmenn.

Fjórar íbúðir, þar af ein í einkaeigu. Íbúar eru fjórir.

Sólarhringsþjónusta Pollgötu 4, Ísafirði:

Stöðugildi: 8,01, sautján starfsmenn.

Íbúðirnar eru fjórar í eigu Ísafjarðarbæjar. Íbúar eru fjórir.

Hæfingarstöðin Hvesta, Aðalstræti 18, 400 Ísafirði:

Stöðugildi: 6,08, átta starfsmenn

Notendur þjónustunnar eru sextán. Þjónar öllu starfssvæði BsVest.

Hvesta er í leiguhúsnæði í eigu Apto ehf.

Skammtímvistun:

Stöðugildi: 1,86, fjórir starfsmenn.

Notendur þjónustunnar eru þrír til fjórir á hverjum tíma. Þjónar öllu starfssvæði BsVest.

Skammtímvistun er í leiguhúsnæði í eigu Fasteigna Ísafjarðarbæjar.

Stoðþjónusta:

Einn NPA samningur í gildi.

Einn þjónustusamningur í gildi.

Helstu verkefni

Ráðgjafarþjónusta

Félagþjónustusvæðið sér um að stuðningur og ráðgjöf sé veitt fötluðu fólki og aðstandendum þeirra, stuðlar að því að veitt sé félagsráðgjöf og sálfræðiþjónusta. Sama gildir um stuðning og ráðgjöf til starfsfólks sem veitir fötluðu fólki þjónustu. Þjónusta þessi er skipulögð á hverju þjónustusvæði fyrir sig miðað við aðstæður. Félagþjónustusvæði beitir sér fyrir sem víðtækastri samvinnu og samráði við fagaðila við framkvæmd verkefna.

Á svæðinu er starfsfólk í ráðgjöf fagmenntað sem leikskólakennarar, þroskapjálfar, iðjuþjálfar, sérkennarar og félagsráðgjafar. Einnig er aðgengi að sálfræðingum hjá öllum sveitarfélögum.

Stuðningsfjölskyldur

Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar, í samráði við foreldra. Unnið er samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, og reglugerðum þar lútandi.

Skammtí mavistun Pollgötu, 400 Ísafirði

Skammtí mavistun þjónar öllu starfsvæði Byggðasamlagsins, en reksturinn er á ábyrgð Ísafjarðabæjar. Skammtí mavistun starfar samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, og reglugerðum þar lútandi.

Þjónustu skammtí mavistunar er ætlað að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Þá er skammtí mavistun jafnframt ætlað að veita fötluðum ungmennum og fullorðnum, sem búa í heimahúsum, tilbreytingu og búa þá undir að flytjast úr foreldrahúsum. Starfsmenn félagsþjónustu, annast umsóknir um skammtí mavistun og veita foreldrum og aðstandendum barna / fullorðinna í skammtí mavistun ráðgjöf og stuðning ef með þarf. Fjöldi einstaklinga í vistun á hverjum tíma er 2 - 4.

Stoðþjónusta

Margþáttað aðstoð við athafnir daglegs lífs, veitt á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, sem byggist meðal annars á einstaklingsbundnum þörfum með hliðsjón af óskum þess. Stuðningurinn kemur til viðbótar þeim almenna stuðningi sem er veittur hjá sveitarfélögum.

Búseta (sólahringsbúsetu þjónusta)

Fötluðu fólki er veitt þjónusta í búsetumálum með stuðningi og/eða aðstoð sem það þarf á að halda til þess að geta lifað eðlilegu lífi til jafns við aðra og tekið þátt í samfélaginu, samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, og reglugerðum þar lútandi.

Hæfingastöðin Hvesta, Aðalstræti 18, 400 Ísafirði

Á Ísafirði er starfrækt Hæfingastöðin Hvesta, þjónustar hún allt starfssvæði Byggðasamlagsins en reksturinn er á ábyrgð Ísafjarðarbæjar.

Hvesta starfar samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, og reglum þar lútandi.

Í Hvestu er lögð áhersla á hæfingu og iðju. Í hæfingu felst kerfisbundin og alhliða starfs og félagsleg þjálfun. Með hæfingunni er stuðlað að því að einstaklingur verði hæfari til iðju eða atvinnuþátttöku. Í iðju er fólgin félagsþjálfun og vinna við einföld vinnuverkefni og reynt að tengja þau almenna vinnumarkaðinum.

Heimili fyrir börn

Markmiðið er að búa barni öruggt og barnvænt heimili með hliðsjón af einstaklingsbundnum þörfum, þroska, getu og aldri þess. Leitast skal við að hafa þjónustu við barn eins einstaklingsbundna og unnt er sem og heildstæða og sveigjanlega. Ávallt skal haft samráð við barn í samræmi við aldur þess og þroska. Leggja skal ríka áherslu á góð og jákvæð samskipti og nána samvinnu við forsjáradíla barnsins.